

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Atlantsolía Hafnarfirði



Dags eftirlits	13.4.2012	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Atlantsolía	Fulltrúi UST	
Heimili	Lónsbraut 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590602-3610	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Albert Valur Albertsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	354728,781 399121,086

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Þrjár athugasemdir voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var sest yfir skráningar og mælingar með fulltrúa rekstraraðila. Farið var yfir gögn vegna geyma í stöðinni, olíulagna og olíubarka á bryggju. Einnig farið yfir gögn um fráveitumælingar vegna mælinga á olíu í frárennsli. Áætlanir sem fyrirtækið skal hafa tiltækar voru einnig ræddar, s.s. áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, áætlun sem tryggir eðlilegan rekstur og viðhald búnaðar til endurheimtu bensíngufa og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunaratburða. Farið var fram á að tæmingu og hreinsun olíuskilja væri bætt við áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar.

Allar mælingar sem krafist er í starfsleyfi liggja fyrir. Nýleg botnþykktarmæling á geymi G002 hefur borist stofnuninni. Einnig niðurstöður mælinga á olíuleifum í fráveitu stöðvarinnar.

Síðasta skýrsla Aker Solutions(AS) á gufuendurnýtingarbúnaðinum er frá maí 2011. Fulltrúi AS yfirför búnaðinn samkvæmt áætlun þar um, og kom í ljós að skipta þurfti um olíusíu og endurnýja olíu á vacuum dælu. Klukka á tækinu stóð í 3457 klst. og hefur tækið því gengið í um 4 klst. á dag að jafnaði frá síðustu úttekt. Fylgja þarf áætlun sem tryggir eðlilegan rekstur og viðhald búnaðarins. Líklega er ekki nægjanlegt að fulltrúar AS sjái um viðhald einu sinni á ári.

Skráningar í rekstrarhandbók stöðvarinnar voru skoðaðar og kom í ljós að yfirfyllingar á áfyllingarplani stöðvarinnar þarf að skrá nákvæmar annars reyndust skráningar í góðu langi.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni, talað við Helga Hrafnsson, dreifingarstjóra m.a. þríf á olíuflutningabílum á áfyllingarplani stöðvarinnar. Notað er „Nautilus olíu og sóthreinsir“ sem leysir upp olíur og dregur úr virkni olíuskilja.

## ATHUGASEMDIR

### Athugasemd 1: Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar.

Við skoðun á áætlun félagsins um frágang vegna rekstrarstöðvunar sem skylt er að gera samkvæmt starfsleyfi, grein 1.5, kom fram að ekki er tekið á hreinsun á mengunarförnum í frárennsli frá stöðinni. Því er þess óskað að inn í áætlunina sé bætt ákvæði um að olíuskilja sé tæmd og hreinsuð ef rekstur af einhverjum orsökum leggst af. Einnig að gufuendurnýtingarkerfi fyrir bensíngufur sé aftengt og hreinsuð af bensíni.

### Athugasemd 2: Áætlun um eðlilegan rekstur og viðhald gufuendurnýtingarkerfis.

Samkvæmt grein 2.3 í starfsleyfi skal félagið hafa áætlun sem tryggir eðlilegan rekstur og viðhald búnaðar til endurvinnslu á bensíngufum. Stafsmenn hafa verið þjálfaðir til viðhalds á búnaðinum og í gildi er samningur við Aker Solutions um þjónustu við búnaðinn. Enn ber þó á því að búnaðurinn sé erfiður í rekstri og eru vetrarfrost sérstaklega að hamla rekstri. Olía á vacuum dælu verður köld og dregur það mjög úr hæfileika búnaðarins til þess að endurvinna gufur. Endurskoða þarf áætlun félagsins um eðlilegan rekstur og viðhald búnaðar til endurvinnslu á bensíngufum svo tilskyldum árangri sé náð.

### Athugasemd 3: Skráning mengunaróhappa.

Samkvæmt grein 3.1 í starfsleyfi skal skrá mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim í rekstrarhandbók. Bæta þarf skráningar á mengunaróhöppum.

Reykjavík, 23.04.2012

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.